

Október 2025



Mannauður í lykilhlutverki

Aðgerðaáætlun 2026–2029

Stjórnarráð Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Aðgerðaáætlun í mannauðsmálum verður unnin í nánú samstarfi skrifstofu kjara- og mannauðsmála í fjármála- og efnahagsráðuneyti og mannauðssviðs Fjársýslunnar ásamt aðkomu mannauðsfólks sem starfar í ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Stefnumiðuð mannauðsstjórnun



2026–2027

Mannauðsmælaborð

Skrifstofa kjara- og mannauðsmála mun í samvinnu við Fjársýsluna og annað mannauðsfólk yfirfara og skilgreina lykilmælikvarða í mannauðsmálum, nauðsynlegar skráningar í kerfin sem og aðferðir við útreikninga. Lögð er áhersla á hagnýta mælikvarða sem eru samanburðarhæfir.

Mannauðsmælaborð með fyrrgreindum lykilmælikvörðum mun gefa yfirsýn yfir stöðu mála, samanburð á milli sambærilegra stofnana og markvissa ákvarðanatöku sem m.a. stuðlar að festu og stöðugleika í mönnun.

Mælikvarði á fjölbreytileika, jafnrétti og inngildingu

Skrifstofa kjara- og mannauðsmála mun leiða vinnu við að móta mælikvarða varðandi fjölbreytileika, jafnrétti og inngildingu sem geri stofnunum kleift að sjá stöðu mála og setja sér markmið.

Efla stuðning í mannauðsmálum

Skrifstofa kjara- og mannauðsmála mun í samvinnu við Fjársýsluna og annað mannauðsfólk greina núverandi stuðning, ráðgjöf og leiðbeinandi ferla í mannauðsmálum fyrir stjórnendur og mannauðsfólk. Lagðar verða til umbætur og mótuð verkfærakista á mannauðstorgi sem byggir á bestu framkvæmd.

2028–2029

Viðmið um mannaflaspá fyrir ríkið út frá þróun í þjónustu

Þjónusta ríkisins er í stöðugri þróun og þar með taldar þjónustuleiðir. Æskilegt er að ríkið móti viðmið um mannaflaspá sem stofnanir geta stuðst við í sinni starfsemi.

Tilgangsdreven störf og verkefni

2026–2027



Starfslýsingar í auknum mæli hæfni- og þekkingarmiðaðar

Útbúið verði sniðmát um bestu framkvæmd með það að markmiði að starfslýsingar nýtist fyrir frekari hæfnipróun og starfsþróun.

Ráðningarferill

Skrifstofa kjara- og mannauðsmála mun í samvinnu við Fjársýsluna og annað mannauðsfólk rýna heildstætt ráðningarferla hjá ríkinu ásamt eftirfylgni við ráðningar.

Aukin hæfni til árangurs

2026–2027



Skilgreina lykilhæfni þvert á ríkið

Unnin verði greining á lykilhæfni sem er sameiginleg þvert á stofnanir og ráðuneyti, t.a.m. varðandi stafræna hæfni. Í framhaldi verði unnin þarfagreining sem og misræmisgreining (e. gap analysis) á fræðsluframboði er varðar lykilhæfni.

Áhersla á nýliðabjálfun

Skoðað verði með hvaða hætti nýliðabjálfun ætti að vera hjá ríkinu.

2028–2029

Leiðbeinandi hæfnispá

Horft verði fram á veginn um hvernig hæfnikröfur starfa eru að breytast og þar með þörf fyrir hæfni hjá ríkinu. Hæfnispá verði unnin með hliðsjón af verklagi sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Markmið með slíkri hæfnispá er að stofnanir geti með forvirkum hætti brugðist við með viðeigandi endurmenntun og þjálfun. Gert er ráð fyrir að aðgerðin verði unnin í nānu samstarfi við fræðslusjóði og sérfræðinga í fræðslumálum.

Verklag fyrir markvissa þekkingaryfirfærslu

Starfsfólk sem starfað hefur lengi hjá stofnunum ríkisins býr yfir mikilli þekkingu sem nauðsynlegt er að yfirfærast með skilvirkum hætti. Mótað verði verklag um þekkingaryfirfærslu.

Eftirsóknarvert starfsumhverfi

2028–2029



Starfsfólk og stjórnendur vinna saman að því að skapa starfsumhverfi þar sem ríkir gagnkvæm virðing og áhersla er á árangur og gæði þjónustunnar.

- Leiðbeinandi viðmið um gerð og útgáfu samskiptasáttmála með áherslu á þátttöku starfsfólks við að móta öruggt og heilbrigt starfsumhverfi.
- Starfsumhverfiskannanir kortlagðar ásamt leiðbeinandi viðmiðum um eftirfylgni við kannanir.
- Fræðsla til stjórnenda um starfsumhverfi og árangursrík teymi í samvinnu við Virk og Vinnueftirlitið þar sem áhersla er á sálfélagslegt öryggi og forvarnir.

Aðlögunarhæfni starfsfólks og stofnana

2026–2027



Leiðbeinandi viðmið fyrir stofnanir um viðveru og fjarveru

Skrifstofa kjara- og mannauðsmála móti og gefi út leiðbeinandi viðmið um viðveru, fjarveru, fyrirkomulag fjarvinnu og óstaðbundin störf.

2028–2029

Breytingarstjórnun og mannauðsstjórnun

Reynsla af árangursríkum breytingum og innleiðingum verði skoðuð m.t.t. mannauðsstjórnunar með það að markmiði að skýra ferla vegna breytingarstjórnunar og aðkomu starfsfólks.

